



Dynjandi

Framkvæmdaáætlun 2016 - 2020



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2016-2020	1
1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ	4
2.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	4
3. FRAMKVÆMDIR	5
3.1. Göngustígar og útsýnisstaðir.....	5
3.2. Salerni.....	6
3.3. Bílastæði.....	6
3.4. Skilti.....	6
VIÐAUKI I	7
VIÐAUKI II	8
VIÐAUKI III.....	9

Framkvæmdaáætlun

2016-2020

Þessi kafli fjallar um forgangs röðun þeirra framkvæmda sem Umhverfisstofnun áætlar að fara í á næstu fimm árum. Framkvæmd áætlunarinnar fer eftir fjárframlögum hverju sinni.

Árlega

- ✓ Viðhald og uppbygging göngustíga frá bílastæði að fossinum Dynjanda með sjálfboðaliðum og sérfræðingi Umhverfisstofnunar.
- ✓ Eyða ummerkjum aflögustíga út frá göngustígum meðfram Dynjandísá með lokunum og endurheimt upprunalegs gróðurs með sjálfboðaliðum og sérfræðingi Umhverfisstofnunar.

2016

- ✓ Smíði og uppsetning útsýnispalla Ú1 við Hrísvaðsfoss og Ú2 við Göngumannafoss.
- ✓ Lagning göngustígar að Hæstahjallafoss að ofanverðu.
- ✓ Smíði á fjórum áningaborðum fyrir áningasvæði við Dynjanda.
- ✓ Uppsetning upplýsingaskiltis um reglur sem gilda á svæðinu.
- ✓ Hönnun útsýnispalla Ú3 neðan Strompugljúfrafoss, Ú4 ofan við Strompugljúfrafoss og Ú5 við fossinn Dynjanda.
- ✓ Útboð verkhluta í jarðvinnu og lagningu bílastæðis og göngustíga til verkframkvæmdar 2017.

2017

- ✓ Hönnun salernishúss.
- ✓ Stækkun og frágangur bílastæðis, helluleggja göngustíga meðfram bílastæði.
- ✓ Uppbygging göngustígar að Hrísvaðsfossi færur hjólastólum.
- ✓ Smíði og uppsetning útsýnispalla Ú3 neðan Strompugljúfrafoss, Ú4 ofan við Strompugljúfrafoss og Ú5 við fossinn Dynjanda.
- ✓ Hönnun, smíði og uppsetning aðkomuskilta fyrir náttúruvættið.

2018

- ✓ Viðhald og uppbygging göngustíga að fossinum Dynjanda og viðhald og uppbygging á stein- og viðarþrepum.
- ✓ Bygging salernishúss, uppsetning rotþróar og siturlagna.



2019

- ✓ Viðhald og uppbygging göngustíga að fossinum Dynjanda og uppbygging og viðhald á steinþrepum.

2020

- ✓ Viðhald og uppbygging göngustíga að fossinum Dynjanda og viðhald á steinþrepum.

1. Inngangur

Í janúar 2014 var deiliskipulag Dynjanda samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar (sjá viðauka I og [Deiliskipulag greinagerð](#).) Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Tilgangur með framkvæmdum á Dynjanda er að tryggja verndun náttúru og lífríki svæðisins, bæta aðgengi ferðamanna og auka öryggi þeirra.

Fjöldi ferðamanna sem heimsækja náttúruvættið Dynjanda hefur aukist hratt og mikið á undanförunum árum en svæðið er í alfaraleið og mjög aðgengilegt yfir sumartímann. Yfir vetrartímann er aðgengi að svæðinu á meðan þjóðvegur nr. 60 er opinn. Aðal aðdráttarafli svæðisins er fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá. Gildi svæðisins til útivistar er mikið, og er algengast að gestir svæðisins gangi upp að fossinum Dynjanda, um 800 metra leið.

Við uppbyggingu innviða á Dynjanda verða m.a. stefna ríkisstjórnarinnar í byggingarlist „Menningarstefna í mannvirkjagerð“ og leiðbeiningarritið „Góðir staðir“ höfð til hliðsjónar. Framkvæmd áætlunarinnar fer eftir fjárframlögum hverju sinni.

2. Markmið

Helstu markmið og leiðarljós sem höfð verða í huga við hönnun innviða og framkvæmdir á svæðinu eru:

- ✓ verndun svæðisins,
- ✓ að svæðið verði byggt upp með markmið sjálfbærar þróunar að leiðarljósi,
- ✓ að náttúrufarsleg gæði svæðisins viðhaldist,
- ✓ að innviðir dragi úr álagi vegna heimsóknar gesta og raski ekki náttúru- og menningarminjum svæðisins,
- ✓ að innviðir verði vandaðir, falli vel að umhverfinu og verði að mestu viðhaldsfrír,
- ✓ að innviðir bæti aðgengi, öryggi og upplifun gesta á svæðinu allt árið um kring,
- ✓ að bæta fræðslu og upplýsingagjöf um náttúru, lífríki og reglur sem gilda um svæðið með uppsetningu skilta og merkinga.

2.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra var friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 47/1971 sem náttúruvætti árið 1981 og endurskoðað með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 348/1986 (viðauki I). Í auglýsingunni segir m.a. um reglur sem gilda um svæðið: „*Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar*“.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda var gefin út árið 2015 og gildir til 2024. Áætluninni fylgir aðgerðaráætlun til ársins 2020.

Skipulagsáætlanir

Í Ísafjarðarbæ er í gildi aðalskipulag frá 2008 sem gildir til 2020. Tekið er tillit til friðlýsingar Dynjanda í skipulaginu. Árið 2014 var samþykkt deiliskipulag fyrir Dynjanda (viðauki III).

3. Framkvæmdir

Allar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Dynjanda (viðauki III). Framkvæmdir miðast við að vernda náttúru og lífríki svæðisins og bæta öryggi, aðgengi og aðstöðu fyrir gesti. Innan deiliskipulagssvæðisins er skipulagður þjónustureitur þar sem m.a. er gert ráð fyrir nýju salernishúsi. Einnig er gert ráð fyrir bættu aðgengi fyrir hreyfihamlaða, útsýnispöllum við fossa, uppbyggingu og viðhalds göngustíga og stækkun bílastæðis, gerð rúrustæða og stæða fyrir húsbíla og bíla með tengivagna. Á hverju ári er gert ráð fyrir uppbyggingu og viðhaldi á göngustíg með sjálfboðaliðum Umhverfisstofnunar.

Áætlunin miðast við að nægir innviðir verði til staðar til að taka á móti ákveðnum fjölda gesta hverju sinni sem heimsækja svæðið. Samræmi skal vera í útliti og hönnun mannvirkja á svæðinu og þau skulu falla vel að umhverfinu.

3.1. Göngustígar og útsýnisstaðir

Lögð er áhersla á að göngustígar séu vel merktir, öruggir og með besta fánlega undirlagi svo að gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra. Göngustígar við bílastæði verða hellulagðir og munu liggja frá rúrustæði og meðfram bílastæði að gönguleið inn á áningasvæði (sjá viðauka 3). Fyrsti hluti gönguleiðarinnar frá bílastæði að Hrísvaðsfossi verður fær hreyfihömluðum. Útsýnispallar verða fimm, fjórir af þeim verða stálgrindapallar og einn hlaðinn úr náttúrugrjóti.

Aðgerðir:

- ✓ Hönnun og smíði fimm útsýnispalla við Hrísvaðsfoss Ú1, Göngumannafoss Ú2, Strompugljúfrafoss Ú4 og Dynjanda Ú5. Við Strompugljúfrafoss verða tveirallar, fyrir neðan fossinn verður pallur Ú3 hlaðinn úr náttúrugrjóti og fyrir ofan stálgrindarpallur Ú4.
- ✓ Lagning göngustígar færur hjólastólum frá bílastæði að Hrísvaðsfossi. Gert er ráð fyrir þessi hluti göngustígarins fylgi að mestu núverandi stíg en verði byggður upp í mesta hallanum og malbikaður.
- ✓ Lagning göngustígar að útsýnispalli við Göngumannafoss. Stígurinn fylgir að mestu núverandi stíg en látinn liggja beint að útsýnispalli.
- ✓ Lagning göngustígar að útsýnispalli ofan Strompugljúfrafoss. Stígurinn fylgir núverandi gönguslóða út frá aðalstíg. Aðrir gönguslóðar sem myndast hafa út frá aðalstíg verða lokaðir.
- ✓ Lagning göngustígar að útsýnispalli við fossinn Dynjanda. Stígur mun fylgja legu núverandi göngustígar.

3.2. Salerni

Nýtt salernishús verður á þjónustureit, allt að 80 m² með átta salernum og eitt salerni fyrir hreyfihamlaða. Sett verður heimtaug fyrir rafmagn og komið fyrir stærri rotþró. Gert er ráð fyrir geymslu og ræstikompu í salernishúsinu.

Aðgerðir:

- ✓ Hönnun og smíði allt að 80 m² salernishúss.
- ✓ Heimtaug fyrir rafmagn og ný rotþró og siturlögn.

3.3. Bílastæði

Bílastæði verða fyrir 30 smábíla og þar af 2 fyrir hreyfihamlaða, 4 rútubíla og 10 húsbíla eða bíla með tengivagna. Snúnigsstæði verður fyrir rútur. Bílastæði verður malbikað og stæði afmörkuð með hvítum línunum.

3.4. Skilti

Sett verða upp aðkomuskilti við innkomu í náttúruvættið. Upplýsingar með leiðbeiningum og reglum svæðisins verður bætt við eftir þörfum.

Viðauki I

St. tíð. B, nr. 348/1986.

Auglýsing um náttúruvætti Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dynjandi og aðra fossa Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog.

Mörk svæðisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi í Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarrönd að Meðalnesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðunni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við [Umhverfisstofnun].
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um aðgang almenning að svæðinu og dvöl þar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 245/1981 um friðlýsingu Fjallfoss og annarra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfis þeirra í Dynjandisvogi.





Menntamálaráðuneytið, 23. júní 1986.
Sverrir Hermannsson

Runólfur Þórarinnsson

Viðauki II

Mörk náttúruvættisins.



 <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Dynjandi Náttúruvætti</p>	<p> Vatnasvið</p> <p> Mörk friðlýsts svæðis</p>		<p>Flatarmál: 644,9 ha (64,5 km²)</p> <p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p> <p>Hnattsláða: ISN03</p> <p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p> <p>Dags: 28-01-2015</p> <p>© Landmælingar Íslands</p>
---	-------------------------------------	---	---	---

F.h. Umhverfisstofnunar, ... október 2015

Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson, sérfræðingur